

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 24. október 2024
UST202409-303/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 - Lerkiholt og Minna Hof

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 vegna Lerkiholts og Minna Hof.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til Meiri-Tunga land, skráð 25,3 ha að stærð, Minna-Hof lóð, skráð 1,5 ha, Minna-Hof lóð 2, skráð 1,1 ha, Minna-Hof lóð 3, skráð 1,3 ha, Minna-Hof lóð 4, skráð 8863 m² og Minna-Hof lóð 5, skráð 8588 m² að stærð, þar sem gert er ráð fyrir að landbúnaðarlandi verði breytt yfir í íbúðarsvæði.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Í greinargerð segir að stefna aðalskipulags varðandi íbúðarbyggð í dreifbýli er á þá leið að íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð segir einnig að skv. vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna língresis- og vingulvist, blómgresisvist og starungsmýravist í landi Lerkiholts, sem eru vistgerðir sem eru verðmætar vegna náttúrufars.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um stefnu sveitarfélagsins um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.¹

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra

¹ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.²³

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósvatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Því þarf að meta í umhverfismati hver áhrif tillögunnar er á vatn.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

³ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolbreytileika-hrakar-i-Nord austur-Atlantshafi/>